

Nd.

119. Frumvarp

til laga um breytingu á lögum um fasteignamat, nr. 22, 3. nóv. 1915.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Önnur málsgrein 4. gr. orðist þannig:

Eyðijarðir og eyðilönd, sem sjermetin hafa verið til dýrleika, skal meta sjer í lagi, nema lagðar sje að fullu og öllu undir aðra jörð, þegar mat fer fram.

2. gr.

9. gr. laganna orðist þannig:

Til ábúðarskatts skulu hverjar 150 kr. í matsverði jarða og jarðarhúsa jafngilda einu hundraði á landsvisu. Þó er undanskilið ábúðarskatti:

1. Umbætur aðrar en á húsum og mannvirki síðustu 10 ára, sem metin eru sjer.
2. Verð jarðarhúsa, sem kann að fara fram úr helmingi af matsverði jarðarinnar, án umbóta og mannvirkja, sem sjer eru metin.
3. Hús þau, sem á jörðu standa, og eru annara eign en jarðeiganda.

Húsaskattur af skattskyldum húsum skal tekinn af matsverði húsanna, að viðbættu matsverði þeirra lóða eða lóðarjettinda, er hverri húseign fylgir.

3. gr.

Síðari málsgrein 12. gr. laganna orðist svo:

Fasteignamatsnefndarmenn og yfirmatsnefndarmenn fá í fæðispeninga og ferðakostnað 6 kr. fyrir hvern dag, sem þeir gegna nefndarstörfum.

4. gr.

Þá er lög þessi hafa öðlast staðfestingu, skal fella texta þeirra í meginmál laga nr. 22, 3. nóv. 1915, og getur koungur gefið út lögin þannig breytt sem lög um fasteignamat.